

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir landssímamann.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar stöðvar (nú allar stöðvar utan Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Akureyrar), sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.

A. Stofngjald.

1. Fyrir 1 línu með 1 talfæri	kr. 900.00
2. — hvert aukatalfæri í sama húsi	— 500.00
3. — aukabjöllu (venjulega)	— 140.00
4. — tengil	— 230.00

Stofngjöld fyrir miðstöðvarborð verða ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eftir gerð borðanna og stærð. Svo er og um önnur tæki og aðrar gerðir símabúnaðar en að framan greinir.

Ofanefnd gjöld eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, svo sem nýrra staura, nýrra jarðsíma, nýs skiptiborðs eða vegna rúmleysis á stauraröðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Stofngjöld greiðist fyrir fram, að jafnaði helmingur, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur í samband, og er miðað við þá gjaldskrá, er þá gildir.

B. Árlegt afnotagjald.

I. Stöðvar, sem hafa færri en 150 notendur.

1. Fyrir 1 línu með 1 talfæri	kr. 800.00
2. — hvert aukatalfæri í sama húsi	— 360.00
3. — aukatalfæri í öðru húsi	— 600.00
(þegar stutt er á milli, ef leyft verður.)	
4. — vanalega aukabjöllu í sama húsi (þó hærra gjald á rökum stöðum)	— 60.00
5. — tengil með rafvökum	— 80.00

Heimili póst- og símamálastjórnin að 1. fl. B. stöð sé opin lengur en hinn venjulega rekstrartíma, greiði notendur eða hreppsfélagið helming aukinnar starfsmannaþóknunar fram til kl. 22 og $\frac{3}{4}$ kostnaðar eftir þann tíma.

II. Stöðvar, sem hafa 150 notendur eða fleiri.

	Stöðin opin		Allan sólar- hringinn
	kl. 8—21	8—24	
1. Fyrir 1 línu með 1 talfæri	800.00	880.00	960.00
2. — hvert aukatalfæri í sama húsi	400.00	440.00	480.00
3. — aukatalfæri í öðru húsi	600.00	620.00	640.00
(þegar stutt er á milli, ef leyft verður.)			
4. Fyrir aukabjöllu og tengla eru gjöldin hin sömu og við stöðvar með færri en 150 notendum. (Sjá B I, 4.—5. lið.)			

Gjöld þau, sem talin eru í 2., 3. og 4. lið undir B I og B II, gilda því aðeins, að aukaáhöldin séu hjá rétthafa símans.

Sé hins vegar um 2 eða fleiri sjálfstæða aðila að ræða með síma á sömu línu, **28**
greiði hver þeirra venjulegt afnotagjald (sbr. lið B I, 1 eða B II, 1 þessa kafla) að **15. marz**
frádrægnum 15%, ef þeir eru í sama húsi, en annars að frádrægnum 10%.

Á 2. og 3. flokks stöðvum, þar sem símanotendafjöldinn er undir 10, færast símaafnotagjaldið niður í kr. 500.00 á ári fyrir 1 línu með 1 talfæri.

Ofannefnd gjöld í 1.—3. lið undir B I og B II hækka um 50% hjá hvers konar atvinnu- og verzlunarfyrirtækjum og hjá þeim mönnum, sem að álitum símastjóra nota símann mikið.

Afnotagjald fyrir talsíma greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Þegar um nýtt samband er að ræða, fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungi þeim, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Afnotagjöld fyrir miðstöðvarborð, svo og annan símaþúnað en að framan greinir, eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni hverju sinni.

C. Gjald fyrir flutning á talsímatækjum.

- | | |
|---|------------|
| 1. Milli húsa, fyrir hvert talfæri með línu | kr. 450.00 |
| (Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í.) | |
| 2. Innanhúss, á aukatalfæri, aukabjöllu eða tengli: | |
| a. Milli herbergja | — 210.00 |
| b. Í sama herbergi | — 120.00 |

Ofannefnd gjöld, sem nefnd eru undir B og C, eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnar, svo sem nýrra staura, nýrra jarðsíma, nýs skiptiborðs eða vegna rúmleysis á stauraröðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Flutningsgjöld greiðist fyrir fram áður en verkið er hafið.

D. Viðtökugjald.

Flytji einhver í hús, þar sem sími er fyrir, eða taki við síma af öðrum manni án breytinga, greiðist sama gjald og fyrir flutning.

Viðtöku- og flutningsgjald fyrir miðstöðvarborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

E. Tengigjald.

Fyrir hvert talsímaáahald á einkalínu, sem stendur í sambandi við landssíma-stöð, greiðist tengigjald, kr. 300.00 á ári í kaupþúnum og kr. 200.00 í sveitum, þar sem fleiri en einn eru á sömu línu.

F. Leigutími og uppsögn.

- Engin talsímatæki eru leigð til skemmri tíma en eins árs, er telst frá byrjun næsta ársfjórðungs, eftir að símasambandið er fullgert.
- Að skemmsta leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um ársfjórðungamót með 2 mánaða fyrirvara, og skal það gert skriflega.

15. marz Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar stöðvar (nú í Reykjavík, Hafnarfirði og á Akureyri).

A. Stofngjald.

1. Fyrir 1 línu með 1 talfæri	kr. 1400.00
2. — 1 aukatalfæri í sama húsi með snara án bjöllu (ekki hægt að tala á milli)	— 450.00
3. — 1 aukatalfæri í sama húsi með snara og bjöllu (ekki hægt að tala á milli)	— 520.00
4. — 1 aukatalfæri í sama húsi með bjöllusnara (hægt að tala á milli)	— 600.00
5. — 1 aukatalfæri í sama húsi með sérstaklega útbúnum sínum	— 720.00
6. — aukabjöllu (þó hærra gjald á rökum stöðum)	— 140.00
7. — tengil	— 230.00

Stofngjöld fyrir miðstöðvarborð verða ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eftir gerð borðanna og stærð. Svo er og um önnur tæki og aðrar gerðir símabúnaðar en að framan greinir.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símastöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þó greiðist aukagjald þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímur liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi, — að jafnaði helmingur, — greiðist fyrir fram, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsfrankvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur í samband, og er miðað við þá gjaldskrá er þá gildir.

B. Afnotagjald.

Afnotagjöldin greiðist ársfjórðungslega fyrir fram, og miðast þau við notkun símans næstsíðasta ársfjórðung á undan.

1. Ársfjórðungsgjöldin eru þessi eftir útförnum samtala fjölda á hverri línu, eins og teljarar í stöðinni sýna:

a. Fyrir heimilissíma kr. 225.00, þar í innifalin 700 samtöl, og 35 aurar fyrir hvert samtöl þar fram yfir.

b. Fyrir verzlunar- og atvinnusíma kr. 360.00, þar í innifalin 700 samtöl, og 35 aurar fyrir hvert samtöl þar fram yfir.

Hjá notendum, sem hafa 2 eða fleiri línur í miðstöðvarborðsreit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalsamtalafjölda á línunum. Þeir, sem hafa tvö eða fleiri samfelld númer í miðstöðvarborðsreit, en ekkert miðstöðvarborð, greiða aukagjald, sem símstjóri ákveður.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símastöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar.

Utan þessara marka greiðist fjarlægðargjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda.

Póst- og símamálastjórninni er heimilt að synja þeim um síma eða að loka sínum þeirra um stundarsakir, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.

Sé lína einhvers notanda oft á tali að dómi simstjóra, getur stofnunin krafizt þess, að notandinn bæti við sig línu. 28

15. marz

Samtöl milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar (eða Hf. og R.) geta varað allt að 5 mínútum og teljast sem 3 innanbæjarsamtöl.

Notendur mega ekki selja afnot af sínum þeim, er þeir hafa, án sérstaks leyfis frá simastjóranum, sem ákveður gjaldið.

2. Ársfjórðungsgjald.

Fyrir 1 aukatalfæri í sama húsi með snara án bjöllu (ekki hægt að tala á milli)	kr. 50.00
— 1 aukatalfæri í sama húsi með snara og bjöllu (ekki hægt að tala á milli)	— 55.00
— 1 aukatalfæri í sama húsi með bjöllusnara (hægt að tala á milli)	— 85.00
— 1 aukatalfæri í sama húsi með sérstökum sínum (hægt að tala á milli)	— 100.00
— 1 tengil	— 10.00
— 1 aukabjöllu (þó hærra gjald á rökum stöðum)	— 15.00

3. Afnotagjöld fyrir þá notendur, sem hafa miðstöðvarborð, reiknast ársfjórðungslega þannig:

a. Línugjald eftir samtalfjölda samkvæmt ákvæðum í 1. lið.

b. Miðstöðvarborðsgjald fyrir hvert númer í borðinu:

kr. 25.00 fyrir handvirk borð (CB).

— 45.00 fyrir sjálfvirk borð (PBAX).

Gjöld þessi eru miðuð við venjulega gerð miðstöðvarborða.

Fyrir sérstakar gerðir fer eftir samningi í hvert skipti.

c. Talfæragjald: kr. 60.00 fyrir hvert talfæri.

Afnotagjöld þau, sem talin eru í 1., 2. og 3. lið hér að framan, gilda því aðeins, að sami maður eða sama fyrirtæki hafi öll áhöldin.

C. Flutningsgjald.

1. Milli húsa, fyrir hvert talfæri kr. 700.00
(Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í.)
2. Innanhúss, á aukatalfæri, aukabjöllu eða tengli:
 - a. Milli herbergja kr. 210.00
 - b. Í sama herbergi — 120.00

Sé um óvenjulega kostnaðarsaman innanhússflutning að ræða, eða önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, greiðist kostnaðurinn samkvæmt reikningi.

Flutningsgjald miðast við sama svæði og stofngjöldin, en þegar farið er út fyrir svæðið, bætist aukagjald við, sem verður ákveðið í hvert skipti.

D. Viðtökugjald.

Flytji einhver í hús, þar sem sími er fyrir, eða taki við síma af öðrum manni, greiðist sama gjald og fyrir flutning.

Viðtöku- og flutningsgjald fyrir miðstöðvarborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

E. Leigutími og uppsögn.

1. Engin talsímatæki verða leigð til skemmri tíma en eins árs, er telst frá byrjun næsta ársfjórðungs, eftir að símasambandið er fullgert.
2. Að skemmsta leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um ársfjórðungamót með 2 mánaða fyrirvara, og skal það gert skriflega.

III. KAFLI

Notendasímar landssímans í sveitum.

Um notendasíma landssímans í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:

1. Stofngjald fyrir hvern síma er kr. 1100.00. Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða, ákveðst stofngjaldið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eða eftir samkomulagi.
2. Landssíminn viðheldur og rekur símana, en símanotendur greiði til landssímans árlegt afnotagjald sem hér segir:

Fyrir hvern síma í sambandi við:

3. fl. landssímastöð	kr. 240.00
2. fl. —	— 350.00
1. fl. B. —	— 450.00
1. fl. A. —	— 540.00

3. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða til landssímans.
4. Flutning á símanum, ef notandi óskar, greiði hann eftir reikningi. Þegar um flutning vegna nýbyggingar er að ræða, getur þó komið til mála, að landssíminn beri nokkurn hluta kostnaðarins.
5. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka símann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur byggð eða ábúendaskipti verði.
6. Við nýlagningu annist hlutaðeigendur á sinn kostnað flutning efnis frá skips- hlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar.
7. Símanotendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símatækja og starfrækslu notendasíma.
8. Landssíminn hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga sínum út frá notendasímalínu eða í framhaldi af þeim.
9. Stofngjöld greiðist fyrir fram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjöld greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjald- dagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október.

Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

10. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum eða kaupúnum eða í nágrenni þeirra og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu; en um síma þeirra fer eftir ákvæðum I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarbústöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, héraðsskólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrek- endum, atvinnurekendum eða verzlunum o. s. frv. samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla, en þó fellur 50% verzlunarsímaálagið niður, þegar þeir eru á sameiginlegri línu með fleiri en 2 sveitabæjum. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar eða eftir samkomulagi.

IV. KAFLI

Radiótæki.

28

15. marz

A. Almenn ákvæði.

1. Hver, sem óskar að starfrækja radiótæki, skal senda póst- og símamálastjórninni umsókn um leyfi til þess ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Þetta gildir þó ekki um viðtæki fyrir útvarp, sem er skráð hjá ríkisútvarpinu.

Verði leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem m. a. er tekið fram, hve lengi leyfið gildi og hin sérstöku skilyrði, sem sett eru fyrir leyfinu.

Fyrir hvert leyfisbréf skal greiða kr. 200.00, ef það felur í sér senditæki með 100 watta afli í loftneti eða meira, en kr. 100.00, ef aflið er minna. Fyrir önnur leyfisbréf, sem ekki fela í sér senditæki, skal greiða kr. 25.00 í leyfisbréfgjald.

2. Landssíminn sér um eftirlit með notkun tækjanna og lætur að jafnaði skoða þau einu sinni á ári. Fyrir þetta skal greiða árlegt eftirlitsgjald, sem er kr. 600.00 fyrir stöð með senditæki yfir 100 wött í loftneti, kr. 300.00 fyrir senditæki með 20—100 watta afli og kr. 100.00 fyrir minni senditæki.
3. Ef leyfi er veitt til þess að starfrækja radióstöð á landi má krefjast sérstaks viðskiptagjalds, sem er ákveðið af póst- og símamálastjórninni.
4. Þegar um senditæki er að ræða, er að jafnaði aðeins veitt leyfi til starfrækslu tækja, sem landssíminn á, en lætur á leigu til starfrækjanda. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, getur póst- og símamálastjórnin þó heimilað, að starfrækjandi eigi tækin gegn sérstökum skilyrðum.

B. Radiótæki á leigu.

a. Farstöðvar.

1. Skipseigandi eða útgerðarfélag, sem óskar að taka á leigu loftskæptastöð eða talstöð í íslenskt skip, sendi skriflega umsókn um það til póst- og símamálastjórnarinnar, sem gefur út leyfisbréf fyrir stöðina og önnur skirteini.
2. Landssíminn leggur til senditæki og viðtæki með lömpum af þeirri gerð tækja, sem eru til leigu á hverjum tíma og umsækjandi óskar eftir. Tækin eru eign landssímans, og leigir hann skipaeiganda þau til afnota í skipinu. Landssíminn annast uppsetningu tækjanna, sem skipseigandi greiðir eftir reikningi. Leigutaki skal sjá um, að rafmagn með hæfilegri orku og spennu sé fyrir hendi og leitt að tækjunum, svo og um alla trésmíðavinnu og aðra vinnu en rafmagnsuppsetningu tækjanna. Einnig skal leigutaki kaupa rafgeyma, rafhlöður og hleðsluspjöld fyrir stöðina og kosta lögn frá rafgeymum til hleðsluspjalda.
3. Leigutaka ber að sjá um, að enginn starfræki stöðina nema sá, sem hefur fengið skirteini frá póst- og símamálastjórninni, er heimili honum að gæta slíkrar stöðvar (skirteini loftskæptamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón skipstjóra, sem líti eftir, að stöðin sé vel með farin og geymd.
4. Bæði stöðvarverði og skipstjóra er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum landssímans og hlíta þeim ákvæðum og reglum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur póst- og símamálastjórnin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, lokað henni eða tekið hana úr skipinu.
5. Landssíminn annast viðhald vegna eðlilegs slits sendi- og viðtækja, að undanskildu viðhaldi loftneta, rafgeyma, rafhláðna, hleðslubúnaðar, straumbreytis og lampa, en kostnað af því ber leigutaki. Leigutaki ber og kostnað af viðgerðum og hreinsun tækjanna, er stafar af slæmri meðferð eða vanhirðu þeirra, meðan þau eru í vörzlu hans.
6. Óski leigutaki, að viðgerðarvinna fari fram utan venjulegs dagvinnutíma, ber hann aukakostnað vegna þess.

28
15. marz

7. Öll radiótæki á leigu frá landssímanum skulu vera vátryggð á kostnað leigutaka gegn hvers konar tjóni og á landssíminn beinan rétt til vátryggingarfjárins, ef tækin eyðileggjast, og hlutfallslega fyrir skemmdir. Landssíminn annast vátryggingu tækjanna í skipum og bátum öðrum en farþega- og varðskipum og/eða vöruflutningaskipum stærri en 500 rúmlesta, enda skal leigutaki sjálfur annast vátryggingu tækjanna í þeim skipum. Vátryggingariðgjöld fyrir tæki, sem landssíminn annast vátryggingu á, skal leigutaki greiða landssímanum samtímis með leigu og er lögtaksréttur á þeim eins og leigunni.
8. Leigutaki er skyldur að koma tækjunum til skoðunar til eftirlitsmanna landssímans í Reykjavík að minnsta kosti einu sinni á ári, eða annars staðar, ef það verður að samkomulagi. Gjaldið fyrir hina árlegu stöðvarskoðun er innifalið í leiguupphæðinni.
9. Leigutaki skal greiða stofngjald fyrir radiótækin áður en uppsetningu þeirra er lokið, svo og leigu og vátryggingariðgjald til næsta gjalddaga. Leiga og vátryggingariðgjald fyrir talstöðvar greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir hvert almanaksár, og reiknast brot úr ári sem heilt ár. Leiga og vátryggingariðgjald fyrir loftskeytastöðvar greiðist ársfjórðungslega fyrir fram, og reiknast brot úr ársfjórðungi sem heill ársfjórðungur. Minnsti leigutími er 2 ár samfleytt fyrir stöðvar 20 watta eða minni, en 3 ár fyrir stærri stöðvar.

Sé ársleiga og vátryggingariðgjöld ekki greidd fyrir 1. apríl og ársfjórðungsleiga og vátryggingariðgjöld ekki fyrir 15. hvers fyrsta ársfjórðungsmánaðar, getur landssíminn lokað senditækjunum þannig, að aðeins megi nota þau í neyð. Verði þrátt fyrir það leiga og vátryggingariðgjöld ekki greidd innan eins mánaðar þar á eftir, getur landssíminn tekið hin leigðu tæki úr skipinu. Sama gildir, ef reikningar fyrir uppsetningu og aðgerðir á radióbúnaði í skipum, sem framkvæmdar eru af landssímanum, eru ekki greiddar innan eins mánaðar eftir að aðgerð fór fram.

Stofngjöld, leiga og vátryggingarupphæðir fyrir aðrar gerðir radiótækja ákveður póst- og símamálastjórnin í hvert skipti.

10. Stöðvar þær og tæki, er landssíminn lætur á leigu, eru að sjálfsögðu háðar hinum almennu reglum, innlendum og alþjóðlegum, er gilda um slíkar stöðvar og rekstur þeirra á hverjum tíma, og getur landssíminn afturkallað leyfisbréf stöðvar, lokað henni og tekið úr skipinu, ef settar reglur eru ekki haldnar.
11. Sams konar reglur og fyrir stöðvar í skipum gilda um radiótæki í öðrum farartækjum.

b. Firðtalstöðvar á afskekktum stöðum.

1. Sá, sem óskar að taka á leigu firðtalstöð til afnota á afskekktum bæ, sendi skriflega umsókn til póst- og símamálastjórnarinnar og tilgreini þar nauðsyn þess og aðrar aðstæður.
2. Landssíminn leggur til senditæki og viðtæki með lömpum af þeirri gerð tækja, sem leigð eru á hverjum tíma. Leigutaki kostar uppsetningu tækjanna samkvæmt fyrirsögn landssímans, svo og uppsetningu loftnets og jarðsambands. Enn fremur skal leigutaki sjá um, að rafmagn með hæfilegri orku og spennu sé fyrir hendi og leitt að tækjunum og kosti rafhlöður, rafgeyma og hleðslubúnað þeirra.
3. Leigutaka eða þeim, sem á að starfrækja stöðina, er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu eftir fyrirmælum landssímans og hlíta þeim ákvæðum og reglum, sem settar eru eða settar kunna að verða, um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur póst- og símamálastjórnin afturkallað starfræksluleyfi stöðvarinnar, lokað henni eða tekið hana burtu.
4. Leigutaka ber að sjá um, að vel sé með stöðina farið og henni sé haldið þurri og hreinni.

5. Landssíminn ber kostnað af viðgerðarvinnu og efni til stöðvarinnar vegna eðli- **28**
legs slits, að undanskildu viðhaldi loftnets, rafgeyma, rafhlaðna, hleðslubúnaðar 15. marz
og viðtökulampa, en kostnað af því ber leigutaki. Leigutaki ber og kostnað af
viðgerðum og hreinsun tækjanna, er stafar af slæmri meðferð eða vanhvirðu
þeirra, meðan þau eru í vörzlu hans, svo og ferðalagi viðgerðarmanns, ef við-
gerðar er þörf.
6. Öll radiótæki á leigu frá landssímanum skulu vera vátryggð á kostnað leigu-
taka gegn hvers konar tjóni og á landssíminn beinan rétt til vátryggingarfjárins,
ef tækin eyðileggjast, og hlutfallslega fyrir skemmdir. Landssíminn annast trygg-
ingu tækjanna, enda greiði leigutaki landssímanum vátryggingariðgjöld samtímis
leigu og er lögtaksréttur á þeim eins og leigunni.
7. Firðtalstöð leigutaka skal afgreiða einungis við þá eða þær talstöðvar landssím-
ans, sem póst- og símamálastjórnin ákveður og á þeim stöðum, sem póst- og
símamálastjórnin tiltekur, og má ekki, — nema um neyðarráðstöfun sé að ræða,
— hafa viðskipti við aðrar stöðvar, hvort heldur fastastöðvar eða farstöðvar.
8. Gjöldin fyrir símtöl og símskeyti, sem afgreidd eru milli stöðvar leigutaka og
þeirrar stöðvar landssímans, sem afgreitt er við, eru þau sömu og gilda fyrir
talsímanotanda frá sömu landssímastöð.
9. Ársleigan greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir 1. apríl ár hvert. Minnsti leigutími
er 2 ár.

c. Stofngjöld, leiga og vátryggingarupphæðir.

Stofngjöld, leiga og vátryggingarupphæðir fyrir helztu gerðir radiótækja eru
sem hér segir, nema öðruvísi sé um samið:

Gerð		Stofn- gjald kr.	Árs- leiga kr.	Vátrygg- ingarupphæð kr.
A-190	Loftskeyta- og talsendir	15 000	10 000	75 000
ART-13	Loftskeyta- og talsendir	4 000	3 600	20 000
E	Talsendir	1 500	1 100	7 500
F	Talsendir	1 200	870	6 000
FF3	Talsendir og viðtæki		2 000 eða 200 á mánn.	10 000
FLB	Talsendir og viðtæki	600	450	3 500
FO	Talsendir og viðtæki	1 200	880	6 600
GV	Talsendir	900	600	5 000
GVA	Talsendir	1 000	800	6 000
GVV	Talsendir og viðtæki	1 200	880	6 500
H-45	Talsendir	2 000	1 600	12 000
H-100	Talsendir	4 500	3 660	23 000
B-236	Viðtæki	900	600	5 000
B-285K	Viðtæki	1 350	1 050	7 500
B-285S	Viðtæki	1 200	800	6 500
VE	Viðtæki	800	550	4 000
VES	Viðtæki	1 300	900	7 000
VF	Viðtæki	550	400	3 000
VF-1	Viðtæki	600	450	3 500
VFS	Viðtæki	900	600	5 000
236/VEM-2	Miðunarstöð	1 800	1 300	10 000
VEM-1	Miðunarbúnaður	300	250	1 500
VEM-2	Miðunarbúnaður	800	550	4 000
VFF	Miðunarbúnaður	200	160	1 200
V	Straumbreytir	400	300	2 200
L-1	Lorantæki	5 000	1 500	14 000

28 15. marz Þegar um er að ræða bæi, sem teljast til þess flokks, er um getur í III. kafla 10, lækkar stofngjald og leiga niður í sömu upphæð og greitt er fyrir notendasíma í sveitum.

V. KAFLI Símtalagjöld.

A. Símtalagjöld innanlands

eru sem hér segir fyrir hvert 3 mínútna viðtalsbil. Hvert byrjað viðtalsbil telst sem heilt.

1. Venjuleg símtöl:

Um 0—25 km línulengd	kr. 4.00
— 25—100 — —	— 6.00
— 100—225 — —	— 8.00
— 225—350 — —	— 10.00
Yfir 350 — —	— 12.00

2. Hraðsímtöl: þrefalt venjulegt símtalagjald.
3. Forgangshraðsímtöl: tífalt venjulegt símtalagjald.
4. Kvaðning: kr. 1.50.
5. Boðsending: kr. 5.00 fyrir hvern byrjaðan kílómetra út frá símastöðinni. Boðsendingargjaldið greiðist, hvort sem nokkuð verður úr símtalinu eða ekki.

B. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa

fara eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og síma-málastjórnin þau, eins og þau eru á hverjum tíma.

C. Radió-símtöl við skip og báta í hafi.

Gjald fyrir símtöl um íslenzkar strandarstöðvar er fyrir skip samanlagt:

- a. Venjulegt símtalagjald milli strandarstöðvarinnar og þess, sem talar í landi, þó minnst 4.00 krónur fyrir viðtalsbilið.
- b. Strandargjald kr. 10.00 fyrir hvert byrjað viðtalsbil.
- c. Skipsgjald. Engin önnur íslensk skip en farþegaskip taka skipsgjald, sem er kr. 2.00 fyrir viðtalsbilið. Gjöld fyrir radió-símtöl við erlend skip eru tilgreind í alþjóðagjaldskrá fyrir skip og strandarstöðvar.

VI. KAFLI Símskeytagjöld.

A. Gjald fyrir innanlandsskeyti

er sem hér segir:

1. Venjuleg símskeyti: 60 aurar fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 6.00.
2. Innanbæjarskeyti: 40 aurar fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 4.00.
3. Blaðaskeyti: 10 aurar fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 2.00.
4. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald kr. 12.00.
5. Veðurskeyti: Sama og venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald einnig hið sama. Veðurskeyti hafa þó forgang fyrir öðrum skeytum.
6. Símapóstávisanir: Gjald kr. 10.00 án tillits til orðafjölda.
7. Heillaskeyti: Sama gjald og fyrir venjulegt símskeyti, en auk þess greiðist auka-gjald fyrir skrauteyðublöð, kr. 5.00—10.00 eftir gerð eyðublaðsins.

Jóla- og nýársseyti með ákveðnum textum kosta kr. 10.00 milli stöðva, en **28**
innanbæjar kr. 8.00.

15. marz

8. Samúðarskeyti: Ekkert gjald til landssímans. Sendanda er í sjálfsvald sett, hve mikið hann greiðir, og rennur upphæðin óskorin til Landspítalasjóðs.
9. Loftskleyti og talskeyti: Gjald fyrir loftskleyti og talskeyti um íslenzkar strandarstöðvar er samanlagt:
 - a. Venjulegt símskeytagjald innanlands.
 - b. Strandargjald, 60 aurar fyrir orðið.
 - c. Skipsgjald. Engin önnur íslenzk skip en farþegaskip taka skipsgjald, sem er 20 aurar fyrir orðið. Erlend skip taka yfirleitt 10 til 40 gullcentimes skipsgjald fyrir orðið.
 Fyrir loftskleyti er ekkert ákveðið lágmarksgjald.
10. Afhending símskeyta í talsíma til eða frá talsímanotanda kostar kr. 2.00 fyrir hver 100 orð eða færri, þó nær þetta ákvæði ekki til einkasíma í sveitum.
11. Afturköllun á símskeyti kostar 75 aura, ef ekki er farið að senda það frá afhendingarstöðinni.
12. Sendiferðir með símskeyti: Símskeyti eru send ókeypis allt að 1 kílómetra frá símastöð. Ef símskeyti eiga að sendast lengra, skal greiða kr. 5.00 fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 km, og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða hæfilegt burðargjald, er ákveðið verður í hvert skipti.
13. Fyrir fram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjöldu svarskeytisins. RP10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.
14. Margar nafnkveðjur (TM): Afritunargjald fyrir hverja utanáskrift fram yfir þá fyrstu, er kr. 3.00 fyrir hver 50 textaorð eða færri, en kr. 1.50 fyrir hver 50 orð eða færri þar fram yfir. Fleiri en eina nafnkveðju er aðeins hægt að nota til einnar og sömu símastöðvar.
15. Samanburður til tryggingar gegn missímum (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.
16. Viðtökuskírteini símleiðis (PC): Gjaldið er sama og fyrir 6 orða símskeyti í viðskiptum við útlönd og 10 orða símskeyti í innanlandsviðskiptum. Fyrir viðtökuskírteini, sem sendast á í pósti (PCP), er gjaldið sama og pósthurðargjald undir einfalt bréf.

B. Símskeytagjöld til útlanda

ákveðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

VII. KAFLI

Afnót landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

1. Fyrir afnót landssímalína til skákkeppni greiðist $\frac{1}{4}$ venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21.00—08.00. Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil. Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá landssímans (sbr. V. kafla).
2. Umsóknir um afnót landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til ritsímastjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

VIII. KAFLI

Önnur tæki og línur.

A. Fjarritvélar.

I. Stofngjald.	
Fyrir hverja fjarritvél (nr. 15) án línu	kr. 5000.00
II. Árlegt afnotagjald.	
Fyrir hverja fjarritvél (nr. 15) án línu:	
a. Í Reykjavík	— 6000.00
(Viðhald innifalið.)	
b. Utan Reykjavíkur	— 4000.00
(Að viðbættu viðhaldi eftir reikningi.)	

Framangreind stofngjöld og afnotagjöld eru miðuð við venjulega gerð fjarritvéla (gerð nr. 15). Í afnotagjöldunum er fólgin váttrygging tækjanna. Hverri fjarritvél fylgja við uppsetningu 4 rúllur af pappír, en upp frá því kostar notandi pappírinn.

Stofngjöld og afnotagjöld fyrir aðrar tegundir fjarritvéla eru ákveðin í hvert skipti.

Stofngjald greiðist fyrir fram, áður en uppsetning er hafin, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrir fram, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Stytsti leigutími er eitt ár. Uppsagnarfrestur er 6 mánuðir og er hann gagnkvæmur.

Fyrir utanhúslínur milli fjarritvéla greiðast gjöld samkv. kafla B hér á eftir. Fyrir innanhúslagnir og flutninga greiðist stofngjald og afnotagjald eins og fyrir tengla.

B. Jarðsímálínur.

Séu jarðsímálínur látnar á leigu, skal stofngjaldið ákveðið í hvert skipti, en árleg leiga á hvern km vera þessi:

1. Fyrir 1 línu í innanbæjarjarðsíma 0.6—0.7 mm	kr. 300.00 pr. km.
2. Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 0.9 mm	— 500.00 — —
3. Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 1.4 mm	— 600.00 — —

Skemmstur leigutími sé ákveðinn með samningum í hvert skipti, en uppsagnarfrestur sé 6 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

IX. KAFLI

Skrásetning símnefna.

Fyrir skrásetningu símnefna greiðist kr. 180.00 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðist þó aðeins kr. 30.00 fyrir hverja skrásetningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrir fram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

X. KAFLI

Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð ókeypis í einni línu í stafrófsskránni og í einni línu í númeraskránni, þar sem hún er.

Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 12.00. Séu auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma, ber

að greiða kr. 30.00 fyrir hvern aukantanda. Aukasímanotendur geta ekki öðlazzt aðal- **28**
 símanotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) 15. marz
 án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald, enda
 hefur landssíminn einn umráðarétt símans. Breytir engu í þessu þó að aukasíma-
 notandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt
 afnotagjaldið.

Skrásetning í stafrófsskrána.

- | | |
|--|-----------|
| 1. Feitt letur í skrá, hver lína | kr. 25.00 |
| 2. Aukanafn í skrá | — 30.00 |
| 3. Aukalínur í skrá, hver lína | — 12.00 |
| 4. Aukanafn með feitu letri (1 lína) kr. 30.00 + kr. 25.00 = | — 55.00 |

Aukalínur eru taldar: ef t. d. fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna
 í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímanotandi
 og ekki skráður í skránni sem aukasímanotandi annars staðar en undir nafni fyrir-
 tækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 30.00 sem aukanafn.

Skrásetning í atvinnuskrána.

A. Ókeypis skrásetning.

Hver símanotandi, sem rekur atvinnu- eða verzlunarfyrirtæki og óskar skrif-
 lega eftir skrásetningu í atvinnu- og viðskiptaskrána, fær ókeypis eina línu til skrá-
 setningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í
 einn flokk skrárinnar. Aukasímanotendur öðlast ekki rétt til ókeypis skráningar.

B. Skrásetning gegn borgun.

Ef símanotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk eða skrá fleiri en sitt
 símanúmer við nafn sitt, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 7.00. Ef
 nafnið óskast skráð með feitu letri, kostar það kr. 15.00. Skáletursauglýsingalínur
 við nafn kosta kr. 18.00 fyrir hverja línu.

XI. KAFLI

Almennir skilmálar fyrir talsímanotendur landssímans.

1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða fá breytt sambandi eða aukið samband, er hann
 hefur áður fengið, tilkynni það forstjóra talsímastöðvarinnar, og skal hann þá
 hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun
 símanna.
2. Landssíminn kemur venjulega ekki á símasambandi við nokkra húseign, nema
 húseigandi leyfi endurgjaldslausu að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum
 á húsi og lóð, og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi hús-
 eiganda fái. Landssíminn getur og heimtað, að talsímanotendur setji tryggingu
 fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.
3. Póst- og símamálastjórnin ákveður við hvaða stöð talsímanotandi skuli tengjast
 og um númer hans og nánara fyrirkomulag, og getur síðar breytt um númer,
 ef það telst nauðsynlegt.
4. Enginn má sjálfur gera eða láta gera neinar breytingar á talsímasamböndum
 eða flytja talfærin úr stað. Öll slík verk lætur landssíminn framkvæma eftir
 beiðni, en notandi greiði það gjald, sem ákveðið er. Allir nýir símar eða tal-
 símasambönd í kaupstöðum eða kaupþúnum eru eign landssímans, en notendur

28
15. marz

greiði stofngjald og afnotagjald. Starfsmenn landssímans hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.

5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með öll símatæki og lagnir, er þeir hafa til afnota, og bera þeir ábyrgð á öllum skemmdum á tækjum, er ekki stafa af eðlilegu sliti. Notanda er enn fremur skylt að hafa símatæki og innanhússlagnir váttryggð á sinn kostnað fyrir eldshættu, og ber honum að greiða landssímanum tryggingarupphæðina, ef tækin eða lagnir eyðileggjast og hlutfallslega fyrir skemmdir, enda á landssíminn beinan rétt til váttryggingarfjárins. Váttryggingarupphæðin er kr. 1100.00 fyrir venjulegan síma, en fyrir önnur tæki verður hún ákveðin sérstaklega.

Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða útbúnað í samband við tæki landssímans, t. d. talfærasúrur o. þ. h., enda hefur landssíminn að sjálfsögðu rétt til að taka allan slíkan útbúnað burtu og láta viðkomandi sæta sektum, ef ástæða þykir til. Enn fremur er bannað án sérstaks leyfis frá landssímanum að láta aðra en landssímamann annast sóttþreinsun talfæra.

6. Ef eitthvað verður að talfærum, ber þegar í stað að tilkynna það símastjóranum, er sér um, að gallarnir verði lagfærðir svo fljótt sem unnt er. Landssíminn ber ekki ábyrgð á því, þótt sími slitni eða verði ónothæfur um stund, nema það sé beinlínis honum að kenna eða óþarfur dráttur verði á viðgerð símans. Má þá heimta endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin taka yfir meira en 10 sólarhringa á ári.
7. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímans, nema með leyfi landssímans. Sé það engu að síður gert, getur landssíminn slitið sambandinu, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt því upp.
8. Þeir, sem af ásettu ráði eða gálauslega valda skemmdum á sínum eða tækjum símans, sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlögganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum.

A. Greiðsluskilmálar.

1. Gjald fyrir símtöl í sambandi við langlínur landssímans greiðist landssímanum eftir reikningi, og ber talsímanotandi ábyrgð á borguninni fyrir hvert slíkt samtal, sem fram fer frá hans talfæri, hvort sem hann hefur sjálfur beðið um símtalið eða aðrir. Gjaldið greiðist í fyrsta skipti, er þess er krafizt.
2. Sé eitthvert gjald til símans ekki greitt í síðasta lagi viku eftir gjalddaga, má slíta talsímasambandinu, en skuldunautur er samt skyldur til að greiða gjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt sambandinu, og er það þá þegar fallið í gjalddaga. Skuldunautur á því aðeins rétt til að fá aftur talsímasambandið, að hann greiði hið áfallna gjald innan þriggja daga eftir að sambandinu er slitið, svo og kostnað við lokun og enduroppun, ef hún hefur ferðakostnað í för með sér. Séu símagjöldin eigi greidd á réttum tíma, verða þau tekin lögtaki samkvæmt 1. gr. laga 16. desember 1885.

B. Leigutími.

Engin símatæki verða leigð til skemmri tíma en eins árs, er telst frá byrjun næsta ársfjórðungs eftir að símasambandið er fullgert. Þegar ræða er um samband fyrir utan kaupstaðarlöð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur landssíminn heimtað, að skemmstur leigutími sé lengri.

C. Uppsögn.

Að skemmsta leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um ársfjórðungamót með 2 mánaða fyrirvara, nema þar, sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

D. Flutningur.

28

Ef talsímanotandi þarf að láta flytja símataeki þau, er hann hefur til afnota, skal hann skriflega tilkynna það símastjóranum, sem því næst lætur framkvæma flutninginn svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrir fram.

15. marz

E. Símaskráin.

Landssíminn leggur hverjum leigusíma til 1 eintak af hverri útgáfu símaskrárinnar. Landssíminn ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

XII. KAFLI**Ákvæði um stofnun og rekstur landssímastöðva, annarra en 1. fl. A stöðva, og samband þeirra við talsímanotendur o. fl.**

Þegar landssímastöðvar eru stofnsettar, gilda að jafnaði eftirfarandi ákvæði um rekstur þeirra:

1. Landssímastöðvum þeim, er hér um ræðir, er skipt í 3 flokka, 1. flokk B, 2. flokk og 3. flokk, og eru þær venjulega opnar eftir flokkum 10, 6 og 2 stundir hvern virkan dag.
2. Stöðvarstjórinn sér stöðinni fyrir húsnæði, ljósi, eldsneyti, ræstingu, nema öðruvísi sé um samið, svo og starfrækslu, er pósti- og símamálastjórnin tekur gilda, enda sé leitað samþykkis hennar á ráðningu afgreiðslumanna.
3. Skuldbindingin um starfræksluna nær til allra þeirra símasambanda, er pósti- og símamálastjórnin kann að leggja út frá símastöðinni.
4. Stöðvarstjórar eru skyldir til, þegar þess er krafizt, að fara sjálfir eða láta fara með símalínunum til að bæta skemmdir, er orðið hafa á þeim, gegn venjulegu tímakaupi.
5. Kostnaður við flutning stöðva verður því aðeins goldinn af landssímanum, að hann fari fram vegna landssímans sjálfs.
6. Stöðvarstjóra ber að senda símskeyti, sem berast til stöðvarinnar, án sérstaks endurgjalds allt að einum kílómetra frá stöðinni. Ef skeyti eiga að fara lengra, greiðir sendandi kr. 5.00 fyrir hvern byrjaðan kílómetra fjarlægðarinnar. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 km, undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða hæfilegan burðareyri, er ákveðinn er eftir fyrirspurn í hvert einstakt skipti. Þótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, ber stöðvarstjóra að greiða fyrir því, að símskeytið komist til viðtakanda svo fljótt sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan hátt.

Ef senda þarf eftir mönnum til viðtals í talsíma innan eins kílómetra frá stöðinni, greiðir símtalsbeiðandi kr. 5.00 fyrir sendiferðina. Ef vegalengdin er meiri en 1 kílómetri, greiðist sama gjald og fyrir útbuð símskeyta

7. Ekki mega aðrir afgreiða símtöl eða símskeyti en þeir, er undirskrifað hafa hið lögboðna þagnarheit símamanna.
8. Stöðvarstjórar skulu mánaðarlega gera reikningsskil innan 15. dags næsta mánaðar á eftir og að öðru leyti hlíta þeim reglum og fyrirmælum, sem pósti- og símamálastjórnin setur.

28

15. marz

XIII. KAFLI

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi og reglur er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941 um fjarskipti, og gengur í gildi 1. apríl 1956, nema ákvæði II. kafla B 1 í a- og b-lið, um gjaldhækkun umframsímtala, sem gengur í gildi 1. október 1956. Falla þá jafnframt úr gildi fyrri gjaldskrá og reglur landssímans frá 23. nóv. 1951 með áorðnum breytingum 26. febr. 1952, 30. des. 1952 og 28. maí 1953.

Póst- og símamálaráðherrann, 15. marz 1956.

Ingólfur Jónsson.

F. h. póst- og símamálastjóra

Einar Pálsson.

29

8. marz

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Eskifjarðar, nr. 38 20. marz 1951.

1. gr.

I. kafli gjaldskrárinnar hljóði svo:

I. RAFORKA

Rafveita Eskifjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

- Um kwst.mæli á kr. 2.90 hverja kwst.
- Um kwst.mæli á kr. 1.25 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi 90 aurum á mánuði á hvern m² gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir ganga og geymslur skal deila fermetragjaldinu með tveimur.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á kr. 1.10 hverja kwst. auk fastagjalds, er nemi 6 kr. á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Til herbergja skal ekki telja ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m², má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og 5 m² hálfu herbergi.

C. Vélnotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.35 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, frá kr. 125.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

2. Um kwst.mæli til fiskiðnaðar, ef uppsett rafvélaafl er yfir 40 kw.:

Fyrstu 50 þús. kwst. ársnotkun á 65 aura hverja kwst.						
Næstu 100 — — — —	—	—	—	—	60	— — —
— 100 — — — —	—	—	—	—	55	— — —
Umfram 250 — — — —	—	—	—	—	50	— — —